

Fimmtudaginn 30. nóvember 1978.

Nr. 127/1977. **Hlöðver Örn Vilhjálmsson**  
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

**J. P. Innréttingum h/f og**  
(Logi Guðbrandsson hrl.)

**Sigurði M. Helgasyni, skiptaráðanda**  
**í Reykjavík**  
(enginn).

Úrskurður um gjaldprotaskipti staðfestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Lúðvík Emil Kaaber, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júlí s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi J. P. Innréttingar h/f krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Sigurðar M. Helgasonar, skiptaráðanda í Reykjavík, hefur ekki verið sótt þing fyrir Hæstarétti og engar kröfur gerðar.

Hinn 17. febrúar 1977 fór fram á heimili áfrýjanda, Álfheimum 28 hér í borg, að viðstaddri eiginkonu hans, Hrafnhildi Ásgeirsdóttur, árangurslaus fjárnámssgerð fyrir 178.500 krónum auk vaxta og kostnaðar. Hafði áfrýjandi með dómsátt á bæjarþingi Reykjavíkur samþykkt greiðslu nefndrar fjárhæðar. Verður ekki annað séð en fjárnámssgerðin hafi fram farið að lögum.

Hinn 18. mars 1977 gaf skiptaráðandinn í Reykjavík, stefndi Sigurður M. Helgason, út kvaðningu til áfrýjanda,

þar sem honum var boðið að koma fyrir skiptarétt Reykjavíkur föstudaginn 25. s. m., klukkan 1130, vegna framkominnar kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans. Fimmtudaginn 24. þess mánaðar, klukkan 0940, var kvaðning þessi birt konu, er sögð var búa í sama húsi og áfrýjandi, og henni afhent endurrit kvaðningarinnar. Lofaði hún að koma því í hendur áfrýjanda, sem var fjarverandi.

Að svo vöxnu máli og með vísun til 3. tl. 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. laga nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti ber að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda J. P. Innréttingum h/f málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 60.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hlökkver Örn Vilhjálmsson, greiði stefnda J. P. Innréttingum h/f málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 25. mars 1977.

Borist hafa beiðnir Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmans og Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns f. h. Jóns Loftssonar h/f um, að bú Hlökkvers Arnar Vilhjálmssonar, Álfheimum 28, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Fyrir liggja í réttinum endurrit árangurslausrar fjárnámsgerðar hjá varnaraðilja, sem ekki hefur mætt fyrir skiptaréttinum þrátt fyrir löglega birt fyrirfall. Verður því að taka kröfu skiptabeiðenda til greina.

#### Úrskurðarorð:

Bú Hlökkvers Arnar Vilhjálmssonar, Álfheimum 28, Reykjavík, er tekið til gjaldþrotaskipta.